Nr. 46 12. maí 2026

# LÖG

**um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (jöfnunarheimild).**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á fiskveiðiárinu 2025/2026 er ráðherra heimilt að ráðstafa auknu aflamagni til strandveiða til viðbótar við úthlutað aflamagn á fiskveiðiárinu. Viðbótaraflamagn skal ekki fara umfram 2.700 tonn af óslægðum þorski. Eftir fiskveiðiárið 2025/2026 skal því viðbótaraflamagni jafnað gagnvart því aflamagni sem dregið verður frá heildaraflamarki skv. 3. mgr. 8. gr. og skal að fullu jafnað eigi síðar en á fiskveiðiárinu 2029/2030.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 2026.*

**Halla Tómasdóttir.**
(L. S.)

*Eyjólfur Ármannsson.*

A-deild – Útgáfudagur: 20. maí 2026